



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

SÝNIEINTAK
má ekki fjarlægja

SVIÐINHORNAHRAUN

Berggrunnskort vegna Hraunavirkjunar

Árni Hjartarson
Þórólfur H. Hafstað

OS-95003/VOD-02 B

Mars 1995



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

720.767

SVIÐINHORNAHRAUN
Berggrunnskort vegna Hraunavirkjunar

Árni Hjartarson
Þórólfur H. Hafstað

OS-95003/VOD-02 B

Mars 1995

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Helstu örnefni	4
3. Berglagaeiningar	5
3.1 Marklækjarsyrpa	5
3.2 Teigsbjargssyrpa	7
3.3 Fossársyrpa	7
3.4 Mislægt kubbaberg	7
3.5 Hornbrynja og nágrenni	7
4. Aldur og tengingar	8
5. Jarðlagahalli og höggun	10
6. Jarðgangaleiðir	11
7. Um berggæði	12
8. Heimildir	14

Myndir

1. Bótarsæt, jarðlagaskipan	6
2. Jarðlagatengingar	9
3. Þversnið af jarðgangaleið	11
4. Marklækjarsyrpan	12

Jarðfræðikort - laust brotið aftast í skýrslunni

1. Inngangur

Jarðfræðirannsóknir á Hraunum eystra voru gerðar í tveimur úthöldum í ágúst og september árið 1994. Árni Hjartarson og Þórólfur H. Hafstað sáu um berggrunnskortlagningu en Skúli Víkingsson um kortlagningu lausra jarðlaga. Aðalbækistöðvar berggrunnsmanna voru í kofa Vatnamælinga Orkustofnunar í 680 m y.s. við Hamarsá, gegnt Þvergili norður af Prándarjökli. Markmið rannsóknanna var að fá mynd af jarðlagaskipan á jarðgangaleiðum og öðrum mannvirkjastöðum Hraunavirkjunar og gera jarðfræðikort af svæðinu. Kortlagningin tók mið af legu helstu mannvirkja, ekki síst jarðganga, sem gert er ráð fyrir í frumáætlun Hauks Tómassonar (1992). Kortið skyldi sýðan tengja jarðfræðikorti Ágústs Guðmundssonar, *Múli-Hraun*, og korti þeirra Snorra Zóphóníassonar og Björns Jónassonar, *Fossárvirkjun*.

Mælt var upp jarðlagasnið við Hamarsá frá Ytri-Bót í 400 m y.s. vestur fyrir Hamarsvatn, en þar er landhæð næstum 800 m y.s. Einnig var mælt snið upp Þvergil frá Hamarsá til suðurs og í átt að Prándarjökli. Út frá sniðunum var reynt að rekja berglagaeiningar til beggja handa með kortlagningu á einstökum opnum. Til suðurs teygir svæðið sig upp að Prándarjökli og að vatnaskilum við Geithellnadal, til vesturs að Sultarranaá en til norðurs að Bjarnarhíði við Geitdalsá. Mynd 2 og kortið aftast í skýrslunni sýna helstu jarðlagaeiningar.

Ágúst Guðmundsson kortlagði viðáttumikil svæði á Fljótsdalsheiði, Múla og Hraunum á árabilinu 1977 - 1990 (Oddur Sigurðsson o.fl. 1985, Ágúst Guðmundsson 1990a og b). Suðausturjaðar jarðfræðikorts hans markast af línu milli Hornbrynu og Sauðárvatns. Snorri Zóphóníasson og Björn Jónasson (1979) kortlöögdu innanverðan Berufjörð og svæði inn með Fossá sumarið 1976, en vestasti hluti jarðfræðikorts þeirra teygir sig inn með efsta hluta Geitdalsá allt upp í Hornbrynu. Hornbrynja er því nokkurskonar snertipunktur þeirra athugana, sem áður höfðu verið gerðar.

Kortið sem hér birtist tengist korti Ágústs að suðaustan. Segja má að Sultarranaá liggi á mörkum rannsóknarsvæðanna. Staflinn, sem rannsakaður var við Hamarsá, virðist á líkum aldri og Teigsbjargssyrsa og Marklækjarsyrsa hjá Ágústi.

lausleg tenging verður við kort Snorra og Björns suður af Leirudal við Geitdalsá. Þessi tenging er ekki fullfrágengin ennþá, en skýrist vætanlega til fullnustu næsta sumar, þegar framhald verður á þessari kortagerð.

Næsta sumar er stefnt að því að kortleggja svæðið milli Ódáðavatna og Sultarranaár og tengja þar með öll jarðfræðikortin í eina órofa heild. Einnig verður svæðið upp af Geithellnadal kortlagt ef veður og snjóalög leyfa en vetrarsnjó tekur stundum seint eða ekki upp á þessum slóðum.

2. Helstu örnefni

Örnefni eru fremur fá á rannsóknarsvæði Hraunavirkjunar. Á jarðfræðikortinu í lok skýrslunnar eru flest þau örnefni sem koma fyrir í þessum kafla:

Hamarsvatn er stærsta vatnið í dálitlum vatnaklasa norðan undir *Jökulhæð* í rúmlega 800 m y.s. Afrennsli vatnanna sameinast norðan þess og myndar *Hamarsá*. Nokkru neðar eru fossar í ánni og heitir sá stærsti *Þyrlufoss*. Niðurinn í fossinum minnir á þyrilvængjuþyt. Þar í grennd biðu starfsmenn Orkustofnunar sem lengst eftir þyrlu sem aldrei kom en gengu síðan langa og erfiða næturgöngu norður í *Fljótsdal* árið 1990.

Tveimur kílómetrum neðar stendur *Hamarsárkofi* á mel norðan ár í 680 m y.s. Þangað var hann fluttur veturinn 1993 en hafði áður verið um árabil í grennd við Laugarfell á Fljótsdalsheiði. Við kofann fer áin í gljúfur og fellur í nokkrum allháum fossum niður á *Innri-Bót* (*Innri-Hamarsbót*). Þvergilsá á upptök sín í norðvestanverðum *Þrándarjökli*. Hún steypist í háum stuðlabergsfossi úr *Þvergili* niður í *Hamarsárgljúfur* skammt neðan kofans. Niður í því er vatnshæðarmælirinn vhm266 og gljúfurkjafturinn lístinn spöl neðan við hann. Hamarsá fellur til-tölulega flatt milli klapparbursta um *Innri-Bót*. Malarhjallar eru meðfram henni sem sýna að þar hafa staðið uppi vötn áður en áin rauf sundur klapparhöftin. Utan við Bótina er mikill klapparþröskuldur úr sérkennilegu hraunlagi þar sem finna má þéttari feldspatdfa en í öðrum hraunum. Við þrokskuldinn steypir áin sér um foss ofan í gljúfur, sem nær niður að *Ytri-Bót*.

Innri- og *Ytri-Bót* heita svo vegna þess að þar er gróðurlendi sem bætir upp hagleysið í kring. Örnefnið *Sviðinhornahraun* þarna upp af er lýsandi fyrir gróðursnautt landið. Staðsetning örnefnisins er nokkuð óljós og ekki er heldur vitað hvernig það er hugsað. *Sviðinhornadalur* mun vera gamalt nafn á *Hamarsdal*. Það kemur fyrir í Landnámu og einnig í Njálu þar sem sagt er frá ferð Flosa um Öxarhraun og Sviðinhornadal (134. kafli). Árni Magnússon nefnir Sviðinhornahraun í Chronigraphia Islandica og Sveinn Pálsson getur um þau í Ferðabók sinni. Í öllum þessum tilfellum virðist nafnið eiga við fjallvegu upp af Hamarsdal.

Bótarhnjúkur er norður af Innri-Bót, 934 m háir samkvæmt korti Herforingjaráðsins. Þar er gamall þríhyrningamælistáður. Norðan Bótarhnjúks eru *Brattháls* og *Bratthálsvatn* en úr henni fellur *Bratthálsá*. Bratthálsá sameinast *Leirudalsá* austur af *Hornbrynu* og saman mynda þær *Geitdalsá* sem síðan fellur í *Grímsá*. Hún er þverá *Lagarfljóts*. Bratthálsá og Leirudalsá eru því 3. stigs þverár. *Líská* rennur um austanverðan Brattháls í *Lískárvatn* en úr vatninu fellur *Fossá um Fossárdal* til *Berufjarðar*.

Norðan Lískárvatns eru *Ódáðavötn*. *Öxará* rennur úr þeim um *Öxi* og niður í *Skriðdal*.

Bjarnarhlíði stendur á *Hvíldarklettum* við Geitdalsá austan við Hornbrynu. Þar er áningarstaður að fornu og nýju og nú eru þar ágæt húsakynni.

3. Berglagaeiningar

3.1 Marklækjarsyrpa

Marklækjarsyrpa er næstelsta berglagaeiningin á korti Ágústs Guðmundssonar. Hún er nefnd eftir Marklæk í Suðurdal, en þar er ágæt opna í hana. Syrpan er um 400 m þykk á þeim slóðum. Jarðlagastaflinn á rannsóknarsvæðinu við Hamarsá virðast nánast alfarið vera í Marklækjarsyrpu. Hún er auðkennd með ML á jarðfræðikortinu. Henni má deila niður í einar sjö undirdeildir, [ML1] til [ML7].

Sviðinhornapóleist og ofurdíflótt berg

[ML1] og [ML2]


Elsta berglagaeiningin sem kortlögð var á svæðinu er rétt segulmögnum póleítsyrpa, Sviðinhornapóleist [ML1]. Botn syrpunnar hefur ekki verið skilgreindur, en allur efri hluti hennar virðist hafa rétta segulstefnu. Díslabasaltið, [ML2], Sviðinhornadíslabasalt, sem myndar klapparþröskuld við Hamarsá í 550 - 600 m hæð, er um miðbik einingarinnar. Díslaféttileikinn er með því mesta sem gerist, eða 60 - 80% þar sem hann er mestur. Eitthvað er hann þó misjafn. Díslarnir eru mestmeginis plagióklas og allt upp í 1,5 cm í langás. Millimassinn er dökkgrár og fínkorna. Vegna dílanna er meðalkornastærðin þó mikil. Bergið virðist seigara gagnvart jökulrofi en önnur jarðlög á svæðinu og myndar háa þröskulda og klapparburstir, sem eru áberandi langt að. Sennilega stafar þessi seigla af því að stuðlun er lítil og stórar blokkir losna ekki í einu. Þegar lamið er í það með hamri kemur í ljós að það er linara og molnunargjarnara en önnur hraunlög. Yfirbragð jökulfágðra hvalbakanna, sem úr fjarlægð sýnast spegilfáguð, er þegar að er gáð hrjúft. Því valda díslarnir og kornastærðin í bergen. Bergið er vísida ummyndað á yfirborði og díslarnir í því rauðir og bleikir. Holufyllingar eru miklar, mun meiri en í hraununum í kring. Mest eru það zeolitar. Útbreiðsla díslabalsatsins sunnan við Hamarsá hefur ekki verið skoðuð en norðan árinnar tókst ekki að rekja hana nema upp undir Bótarhnjúk. Ofan á díslabasaltinu heldur póleítsyrpan áfram með þunnum setlögum og stökum lögum af díslabalti og ólivínbasalti. (Hér verður orðið ólivínbasalt notað um berg sem oft er nefnt ólivín póleist).

Bótarset

[ML3]

Bótarset [ML3] er jarðlagaeining sem einkennist af nokkrum þykkum setlögum og hraunum af blönduðum toga inn á milli. Nafn sitt dregur hún af því að hún liggar að Hamarsá við Efri-Bót og er mjög áberandi í Bótarhnjúk. Í heild er hún 75 - 100 m þykk. Í sniðinu við Hamarsá eru þrjú afgerandi setlög í einingunni. Neðst er set sem einkennist af lagi af völubergi þar sem súr ármöl er áberandi. Þá koma eitt eða tvö hraunlög en síðan þykkt setlag, sem hefur sterkt jökulbergseinkenni neðst. Efsta setlagið er síðan völubergslag, svonefnt Kofavöluberg, vegna þess að kofinn við Hamarsá stendur á laginu.

Ágúst Guðmundsson telur að elstu jökulbergslög á hans kortlagningarsvæði séu um 5,5 milljón ára gömul. Þau sjást m.a. neðst í gili Marklækjar (130 m y.s.) og í gljúfri Sturluár í Suðurdal og eru þar í rétt segulmögnum hraunastafla. Þessi lög virðast vera á svipuðum stað í stafla og Bótarsetin (sjá mynd 2).



1. mynd. Bótarsæt, jarðlagaskipan.

Póleítbasalt

[ML4]

Ofan á Bótarsætið leggst þunnlögótt þóleiítsyrpa, megineldstöðvaþóleið [ML4]. Bergið er allsprungið (þ.e. 1-3 spr./m). Lögin eru flest rétt segulmögnud í neðri helmingi syrpunnar en öfugt segulmögnud í efri helmingnum. Sæmileg opna er í syrpuna í Þvergili. Þykkt hennar þar er um 150 m.

Pyrluset

[ML5]

Setlög eru áberandi í farvegi Hamarsá við Pyrlufoss og valda því reyndar að þar er foss. Þau eru kennd við fossinn og nefnast Pyrluset. Setin eru fjórkípt við ána, þau þykkstu 10 - 15 m. Efsta setlagið og það sem ber uppi Pyrlufoss hefur á sér jökulbergssvip. Það virðist mega rekja þessi setlög til norðurs frá Hamarsá allt norður í Hornbrynu og á mynd 2 eru þau tengd setlögum í gili Marklækjar í Suðurdal og lögum neðarlega í borholunni FV-1 á Fljótsdalsheiði.

Ólivínbasalt

[ML6]

Í ofanverðri Marklækjarsyrpu eru nokkur ólivínbasaltlög [ML4], sem virðast tengjast ólivínbasalti sem útbreitt er á yfirborði í vesturhlíðum Hornbrynu. Við Hamarsá er að vísu ekki nema eitt ólivínbasaltlag á þessum stað í staflanum en bæði norðan ár og sunnan virðast fleiri slík lög fleygast inn. Mörg þessara laga eru þó millibasaltleg. Viðast hvar eru þau öfugt segulmögnud.

Dílabasalt við Hamarsvatn

[ML7]

Nokkru ofar í staflanum er syrpa af dílabasalti [ML7]. Hún ræður ríkjum við austanvert Hamarsvatn. Þar eru hraunlögin ekki færri en 10 talsins þar sem syrpan er þykkust en virðast hverfa út til norðurs. Hraunlögin eru mörg hver þykk og sterkleg. Öll eru þau öfugt segulmögnud. Þau

eru nokkuð ólisk innbyrðis, þau dslóttstu með allt upp í 40% þéttleika og plagióklasdíla sem eru allt að 20 mm í þvermál. Önnur lög eru með 3 - 5% dslabéttleika. Hvergi er gott þversnið að hafa í syrpuna en hins vegar er hún áberandi í klapparburstum sem standa vel gegn rofi. Ágúst Guðmundsson sýnir dflasyrpu á svipuðum stað í stafla sem gerð er úr 2 - 4 basaltlögum sem mynda sterka brsk sem fylgja má langar leiðir á kortlagningarsvæðinu.

Póleiðbasalt

[ML8]

Efsti hluti Marklækjarsyrpu [ML8] er úr þóleisti sem viðast hvar hefur rétta segulstefnu. Við Hamarsá virðist dslabasaltið í ML7 fleygast inn í neðsta hluta syrpunnar. Engar góðar opnur eru í þessa syru á kortlagningarsvæðinu en af útbreiðslu hennar á yfir borði að dæma er hún 100 - 200 m þykk. Setlög eru á nokkrum stöðum milli hraunlaganna

3.2 Teigsbjargssyrpa

Teigsbjargssyrpa [TB] er um 100 m þykk þar sem Ágúst Guðmundsson mældi hana við Bessastaðaá og í Múla. Hún er hlaðin úr rétt segulmögnuðu dslabasalti. Lítið er um millilög. Ágúst notaði syrpuna sem leiðarlag um allt austanvert kortlagningarsvæði sitt, frá Bessastaðaá, um Villingadal og áfram suður á Hraun. Við röktum skil hennar og Marklækjarsyrpu áfram til suðurs, að rótum Jökulhæðar vestur af Hamarsvatni. Teigsbjargssyrpa hefur verið talin vera um 4,5 milljón ára.

3.3 Fossásyrpa

Fossásyrpa [FA] kemur inn á norðanverðan vesturjaðar jarðfræðikortsins og er hér alfarið tekin upp af korti Ágústs Guðmundssonar. Hún er að mestu þóleistbasalt, en það er uppbrotið með nokkrum ólivínbasaltlögun. Segulstefna er viðast rétt.

3.4 Mislægt kubbaberg

Yngsta bergið á svæðinu er í litlu felli á vatnaskilum Hamarsár og Sultarranaár nálægt 1½ km vestur af Hamarsvatni. Parna er fínkorna, dökkt kubbaberg úr þóleisti með rétri segurstefnu og leggst mislægt ofan á bergrunninn undir [KB]. Það myndar mjóan hrygg með stefnu til NNA. Pykkt lagsins er 30 - 40 m þar sem hún er mest.

3.5 Hornbrynja og nágrenni

Norðvesturhluti jarðfræðikortisins er hér tekinn upp af korti Ágústs Guðmundssonar. Þar sést Fossásyrpa [FA] sem leggst ofan á Teigsbjargssyrpu [TB] en hér verður ekkert nánar rætt um hana. Þar er einnig þykk jarðlagasyrpa á Hornbrynjusvæðinu. Hjá Ágústi er hún lauslega tengd við Marklækjarsyrpu. Þessi lög hafa ekki verið rakin saman við Hamarsárstaflann. Þó er gengið út frá því að ólivínbasaltið í vesturhlíðum Hornbrynu sé framhald ML6 laganna eins og áður er getið. Setlag undir ólivínbasaltinu er hugsanlega í framhaldi af setlögum við Þyrlufoss. Rannsóknir næsta sumars eiga að leiða nánar í ljós hvernig Hornbrynjulögin tengjast einingum Marklækjarsyrpu. Einnig verða þau tengd jarðlögum í Berufjarðarbotni á breiðari grundvelli en gert hefur verið (Snorri Zóphónfasson og Björn Jónasson 1979). Þannig ætti að fást vitneskja um jarðlagaskipan á þeirri grein jarðgangnanna, sem veit að Leirudal og Ódáðavötnum.

4. Aldur og tengingar


Eins og nefnt er í inngangi var stafinn við Hamarsá annars vegar tengdur jarðfræðikorti Ágústs Guðmundssonar og hins vegar korti Snorra Zóphónfassonar og Björns Jónassonar.

Tenging við kort Ágústs var gerð á mótum Teigsbjargs- og Marklækjarsyrpu við Sultarranaá. Innri einingar Marklækjarsyrpu virðast einnig eiga sér framhald á Hamarsárvæðinu. Dílabasalt (R) ofarlega í syrpunni gengur til suðurs upp í Jökulhæð austan Hamarsvatns. Ólivínbasalt (R) í vesturhlíð Hornbrynu virðist mega rekja allt suður í Prándarjökul.

Tengingen við kort þeirra Snorra Zóphónfassonar og Björns Jónassonar er fremur lausleg. Setlög, sem þeir kortleggja upp með Bratthálsá, virðast tilheyra Bótarsætum.

Á mynd 2 er sýnt hvernig líklegast er að stafinn við Hamarsá tengist jarðlögum í Múla og á Fljótsdalsheiði. Notað er snið Ágústs Guðmundssonar (1978) frá Marklæk og snið úr borholunni FV-1 á Teigsbjargi (Fljótsdalur Joint Venture 1990). Frá Hamarsá að Marklæk eru 22 km og þaðan eru 7 km loftlína til viðbótar að FV-1. Sniðin liggja innbyrðis nálægt strikstefnunni, norður - suður. Þó er nokkur hæðarmunur á þeim. Mörk Teigsbjargs- og Marklækjarsyrpu eru í 840 m y.s. við Hamarsá, 420 m við Marklæk og í 330 m y.s. í FV-1. Þykkir einstakra bergdeilda eru meiri í Hamarsársniðinu en í hinum sniðunum tveimur. Það stafar einkum af því að í Hamarsársniði er mikil lárétt tilfærsla. Efstu jarðög sniðsins eru meira en 10 km vestan við neðstu jarðög. Við Marklæk er lárétt færslan lítil og alls engin í FV-1 eins og gefur að skilja í löðrétti holu. Þess ber að geta að efstu 250 metrarnir í Hamarsársniðinu eru mjög gróflega mældir. Þar eru engar samfelldar opnur svo sniðið er byggt á yfirborðskortlagningu. Öruggasta tengingen á milli sniðanna er á mörkum Teigsbjargs- og Marklækjarsyrpu. Dílabasaltið [ML7] virðist koma fram í öllum sniðum. Setlögini við Þyrlufoss og Bótarsæt virðast einnig koma fram í þeim.

Samkvæmt aldursákvörðunum Ágústs Guðmundssonar 1978 er Marklækjarsyrpa 5 - 6 milljón ára en hann byggir það á K-Ar og Ar-Ar mælingum McDougals o.fl 1976 og 1977 og Ross og Mussetts 1976, ásamt með segultímatali Talwanis o.fl 1971.



5. Jarðlagahalli og höggun


Jarðlagahalli og höggun mótaðast tölvert af því að *hallabelti*, Austurlandsflexúran, gengur þvert yfir svæðið frá norðri til suðurs. Beltið teygir sig sunnan úr Suðursveit og allt norður í Bakkafjörð (Kristján Sæmundsson 1979). Því fylgja einnig mikil brot og misgengi. Hallabeltið kemur úr suðri inn á rannsóknarsvæðið um austanverðan Prándarjökul. Miðja þess fer norður yfir Hamarsá á milli Bóta, yfir Bótarhnjúk og síðan yfir Geitdalsá við Hvíldarkletta skammt austan við Hornbrynjum. Það er matsatriði hvar útlfnur þess eru dregnar en beltið er um 4 km breitt.

Almennur jarðlagahalli á svæðinu er 10 - 15° til vesturs en strikstefnan er nálægt N - S. Innan hallabeltisins er jarðlagahallinn breytilegur og víða mun meiri, eða allt að 30° til vesturs þar sem mest er. Annars staðar eu jarðög nær lárétt og á kafla er halli þeirra til austurs. Hallabeltið ein-kennist í stuttu máli af verulegri hallaóreglu og miklum fjölda misgengisbrota.

Tafla 1. *Hallamælingar jarðlaga.*

Staður	Mældur halli	Sýndar-stefna: misvís.	Halla-stefna: réttvís.	Réttur halli	Strik, réttvís.
Hamarsá við Ytri-Bót	5°	230°	296°	16°	8°
	15°	270°			
Hamarsá ofan Ytri-Bótar	0°	2°	272°	39°	344°
	37°	250°			
Gil upp af Ytri-Bót norðan Hamarsá	20°	322°	322°	20°	34°
Bótarhnjúkur	8°	156°	105°	12°	357°
	4°	177°			
Kofafoss hjá Hamarsárkofa	10°	250°	288°	13°	0°
	12°	308°			
Sultarranaá	5°	213°	276°	11°	348°
	3°	350°			

Taflan sýnir þá sex staði þar sem beinar hallamælingar voru gerðar. Þær eru ekki hárnákvæmar, þó allar séu þær gerðar samviskusamlega og af vandvirkni. Notaður var hallamælir (klinometer), sem innbyggður er í handáttavita. Í fyrstu tveimur talnadálkum töflunnar eru mælingarnar gefnar upp en í seinstu þremur dálkunum hafa mesti halli, hallastefna og strik verið reiknuð út og leiðrétt fyrir misvísuninni, sem hér er 18°. Eins og sjá má eru halli og strik ærið misjöfn frá einum stað til annars. Fjórar fyrstu mælingarnar eru innan hallabeltisins (flexúrunnar) og sýna þær mjög staðbundinn halla. Mælingarnar við Kofafoss og Sultarranaá eru hins vegar utan beltisins og sýna strik og halla, sem riskjandi er á allstóru svæði.



3. mynd. Þversnið af áformaðri jarðgangnaleið milli Hamarsár og Sultarranaár. Lárétti kvarðinn sýnir lengd sniðsins í kilómetrum en löðrétti kvarðinn hæð yfir sjó í metrum.


6. Jarðgangaleiðir

Áformuð jarðgöng Hraunavirkjunar, sem ætlað er að sækja vatn inn á vatnsvið Hamarsár og Geithellnaár, liggja um rannsóknarsvæðið eins og sýnt er á jarðfræðikortinu. Jarðgangamót eru rétt austan við Hamarsvatn. Þær mætast göng sem koma sunnan frá Geithellnaá og göng sem liggja austur með norðurhlíðum Prándarjökuls og mynda þar einskonað þakrenn ásamt með skurðakerfi sem tengjast þeim. Rennunni er ætlað að safna vatni sem fellur frá norðanverðum jöklinum. Frá jarðgangamótunum liggja göngin áfram undir Hamarsá en sveigja síðan til norðvesturs og tengjast göngum frá Eyjabakkalóni við Sultarranaá. Á þessari leið liggja þau í um 650 m hæð yfir sjó. Á þessari leið stefna göngin í N322°. Ef reiknað er með 13° jarðlagahalla til vesturs á svæðinu er hann 8° í stefnu jarðganganna.

Ef lýsa á jarðgangnaleiðinni er eðlilegast að byrja við Sultarranaá og þræða berglögin í sömu röð og lísklegast er að þau verði boruð. Frá Sultarranaá og norður fyrir vatnaskil Hamarsár eru göngin í þóleítsyrpu [ML8] þar sem segurstefnan er vísast hvar rétt. Síðan kemur syrpa af öfugt segulmögnum dslabasalti [ML7]. Þetta berg er mjög áberandi í kring um Hamarsvatn en á jarðgangaleiðinni norðan Hamarsár hefur hún þynnst mikið og hverfur út nokkru norðar. Neðan við dslabasaltið er aftur komið í þóleitlöög, neðri hluta [ML8] syrpunnar. Þá kemur syrpa af ólivínbasaltlöögum með einhverju af dslabasalti inn í milli [ML6]. Neðst í syrpunni má búast við setlagasyrpu, s.k. Pyrluseti [ML5]. Þau gréinast upp í 3-4 setlöög með hraunum á milli. Beggja vegna Hamarsár og að gangamótunum austan við Hamarsvatn þræða göngin þunnlöggóttu þóleítsyrpu [ML4]. Vitað er um brot vestur af Sauðahnjúk sem skera jarðgangaleiðina og einnig um ganga í grennd við Þyrlufoss. Þversniðið á 3. mynd er mjög stílfært og er einungis sett fram til glöggvunar á þeim aðstæðum, sem gæti verið að finna á jarðgangnaleiðinni. Menn eru eindregið varaðir við að taka hana of hátsðlega fyrr en hún hefur verið staðfest með kjarnaborunum.

Jarðgangaleiðin í norðurhlíðum Prándarjökuls hefur ekki verið kortlögd nægilega nákvæmlega til að réttlætanlegt sé að teikna upp þversnið af henni. Ljóst er að hún er á margan hátt erfidari en leiðin frá Hamarsá að Sultarranaá. Í fyrsta lagi teygjast göngin inn í hallabelti og misgengjamerð (Austurlandsflexúruna). Í öðru lagi er mjög mikið um bergganga í veginum. Í þriðja lagi liggur leiðin tiltölulega þvert á strikstefnuna en það veldur því að mörg lagamót eru skorin og jarðlagagerðin breytist örth.

7. Um berggæði



Sjaldnast er hægt að segja nokkuð af viti um bergtæknilega eiginleika jarðlaga fyrr en í þau hefur verið borað, sýni tekin og gerðar á þeim prófanir ýmis konar. Áður en að því kemur er alsiða að reynt sé að kreista bergtæknilegar upplýsingar út úr kortlagningará- jarðfræðingunum. Það verður nú reynt. Hér er fyrst og fremst um að ræða áform um jarðgöng svo hönnuði þyrstir lsklega mest í einhverjar upplýsingar um berggæði til að geta metið styrkingarþörf jarðganganna.

Vegna áforma um Fljótsdalsvirkjun hafa vífð-tækjar bergtæknilegar rannsóknir farið fram á Fljótsdalsheiði. Þar hefur verið borað gegn um sömu jarðlasyrpur og fyrir koma á Hraunum. Hér er ekki um sömu jarðlögin að ræða, heldur nokkuð jafnaldra lög og oft upp hlaðin við svipaðar aðstæður, að því að telja má. Það er því ekki út í hött að ætla að niðurstöður þaðan geti gefið einhverjar vísbindingar um hvers sé að vænta á Hraunum, þó svo að um 30 km séu á milli svæðanna.

Langmestur hluti þess jarðlagastafla, sem hér er verið að kortleggja, tilheyrir Marklækjarsyru. Hún kemur fyrir í djúpum holum, sem boraðar hafa verið á slóðun Fljótsdalsvirkjunar; FS - 38 á Hólsufs (Fljótsdalur Joint Venture) og FV - 1 og FV - 6 á Teigsbjargi (Birgir Jónsson o.fl. 1991). Áformáð stöðvarhús Fljótsdalsvirkjunar mundi verða grafið í Marklækjarsyru. Á mynd 4 hér til hliðar er sýnd jarðlagaskipan í syrpunni eins og hún kemur fram í holunni FV - 1 á Teigsbjargi. Mat á berggæðum, sem myndinni fylgir, virðist ekki gefa ástæðu til annars en að álsta að Marklækjarsyrapan sé ágætt jarðgangnaberg á Hraunum ekki síður en á Teigsbjargi.

Mynd 4. Marklækjarsvran.

Sýnd er jarðlagaskipan syrpunnar í holunni FV - 1 á Teigsbjargi. Tölum um berggæðamat (Q) er troðið inn á myndina vinstra megin við sniðið. Á mynd 2 sést hvernig jarðlög á Hraunum tengjast bessum stafia.

Samandregin getur umsögn um aðstæður til mannvirkjagerðar, og þá fyrst og fremst jarðgangnaborunar á svæðinu, verið eftirfarandi:


- Lítið er um óreglu og misgengi í staflanum á jarðgangaleiðinni milli Sultarranaár og Hamarsár. Jarðlögin eru að langmestu leyti basísk hraun með þunnum millilögum og er álitid vera tiltölulega þægilegt jarðgangnaberg.
- Bergið virðist vera þétt og enda þótt áformuð jarðgöng liggi að mestu undir grunnvatnsborði er ekkert sem bendir til að lekavandamál verði mikil við gerð þeirra. Viða liggja göngin þó langt neðan grunnvatnsborðs, sem veldur háum vatnsþrýstingi.
- Líklegt er að jarðfræðilegar aðstæður séu svipaðar á eða öllu heldur undir Jökulhæð; þ.e. á leið jarðgangna suður á vatnasvæði Geithellnaár.
- Í Austurlandsbrotabeltinu í norðurhlíðum Prándarjökuls gætu aðstæður til jarðgangagerðar hins vegar verið erfðari viðfangs, því þar yrðu fjöldi ganga og misgengja þverskorin og búast má við nokkuð óreglulegri jarðlagaskipan og hugsanlega vanda-málum vegna grunnvatns, en það er algerlega ókannað.
- Jarðgangaleiðin að Líkárvatni er enn sem komið er lítt könnuð, en efsti hluti hennar fer um Austurlandsbrotabeltið. Þar má búast við svipuðum aðstæðum og í hlíðum Prándarjökuls.

8. Heimildir

- Ágúst Guðmundsson 1978: Austurlandsvirkjun. Forkönnun á jarðfræði Múla og umhverfis. Múlavirkjun. OS ROD 7818, 50 bls + kort og snið.
- Ágúst Guðmundsson 1990a: Berggrunnskort Fljótsdalur - Fljótsdalsheiði, kort nr. 2249 B. Orkustofnun og Landsvirkjun, Reykjavík.
- Ágúst Guðmundsson 1990b: Berggrunnskort Múli - Hraun, kort nr. 2247 B. Orkustofnun og Landsvirkjun, Reykjavík.
- Birgir Jónsson og Þórólfur H. Hafstað 1991: Fljótsdalur Hydroelectric Project. Engineering geol. report. Powerhouse cavern, tailrace tunnel and access tunnel, OS-91001/VOD-01
- Fljótsdalur Joint Venture 1990: Geological Report. Fljótsdalur Hydroelectric Project. Headrace tunnel, surge shaft, pressure shaft. Part D.1 - Appendix (prepared by Orkustofnun).
- Haukur Tómasson 1992: Hraunavirkjun meiri. Lausleg forathugun. OS-92046/VOD-12 B
- Kristján Sæmundsson 1979: Outline of the geology of Iceland. Jökull 29, 7 - 28.
- McDougall o.fl. 1976: Potassium-Argon and paleomagnetic analysis of Icelandic lava flows: Limits on the age anomaly 5. Journal of Geophysical Research 81, 1505 - 1512.
- McDougall o.fl. 1976: Geocronology and paleomagnetism of a Pliocene - Pleistocene sequence at bessastaðaá eastern Iceland. American Journal of Science 276, 1070 - 1095.
- Oddur Sigurðsson, Ágúst Guðmundsson, Skúli Víkingsson, Sigurbjörn Guðjónsson, Halína Bogadóttir, Hákon Ádalsteinsson, Kristinn Einarsson og Snorri Zóphónfasson 1985: Fljótsdalsvirkjun. Undirbúningsrannsóknir vegna verkhönnunar. Hefti I. OS-85027/VOD-01, 109 bls. + kort.
- Ross og Mussett 1976: AR40/Ar39 dates for spreading rates in eastern Iceland. Nature 259, 36-38.
- Snorri Zóphónfasson og Björn Jónasson 1979: Fossá í Berufirði. Jarðfræðikönnun á virkjunarsvæði. OS-79015/ROD-06, 33 bls. + kort.
- Talwani,M., Windisch C.C. og Langseth M.G.Jr. 1971. Reykjanes Ridge crest. A detailed geophysical study. Journal of Geophysical Research 76, 473-517.

SVIÐINHORNAHRAUN

Berggrunnskort



Jarðfræði

KB	Mislægt kubbaberg, þóleift
FA3	FOSSÁRSYRPA, þóleift
FA2	Ólivínbasalt
FA1	þóleift
TE	TEIGSBJARGSSYRPA, dílabasalt
SE	Set
ML8	MARKLÆKJARSYRPA, þóleift
ML7	Dílabasalt við Hamarsvatn
ML6	Ólivínbasalt
ML5	þýrluset
ML4	þóleift
ML3	Bótarsæt og blönduð hraunlög
ML2	Sviðinhorndílabasalt > 50% plag.
ML1	Sviðinhornapléift
Gangar	
Misgengi	
Jaðar hallabeltis	
Rétt segulstefna	
Öfug segulstefna	
Segulstefna óviss	
Strik og halli	

Áformuð mannvirkni

- Jarðgöng
- Stfla
- Skurður
- Pípuskurður
- Lón

Tilvísun í kortið:

Arni Hjartarson og Þórólfur H. Hafstað 1995:
Sviðinhornahraun. Berggrunnskort vegna Hraunvirkjunar
Orkustofnun, Reykjavík.

Höfundur: Arni Hjartarson og Þórólfur H. Hafstað.
Umhlíð í landfræðilegu upplýsingakerfi (Arc/Info®).
Töluvinnslu og kartagerð: Skúli Þorláksson.
Hnitun: Elfur Sif Sigurðardóttir.
Útgáfð í mars 1995.
© Orkustofnun, Reykjavík.